

1992-93. – 1062 ár frá stofnun Alþingis.  
116. löggjafarþing. – 145. mál.

## 590. Framhaldsnefndarálit

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar, sem dreift var á Alþingi fyrir júl og dagsett er 21. desember, er sett fram hörð gagnrýni á vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í efnahagsmálum. Dregið var í efa að til staðar væri heildaryfirsýn yfir áhrif skattahækkana og annarra aðgerða stjórnarinnar sem margar hverjar urðu til með skyndiákvörðunum án nokkurs undirbúnings.

Nú hefur a.m.k. í einu tilviki sannast rækilega að varnaðarorð stjórnarandstöðunnar og gagnrýni á ómarkviss vinnubrögð áttu rétt á sér. Útreikningar hagdeilda ASÍ og VSÍ sýna að afleiðingar þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við byggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis voru verulega vanmetnar.

Breyting, sem átti að skila ríkissjóði 400 millj. kr. tekjum á árinu, mundi engu skila þar sem hækkun vísitölutengdra frádráttarliða frá sköttum og ýmissa bóталиða, auk hærri vaxtagjalda, gerir meira en að éta upp 400 millj. kr. lægri endurgreiðslu virðisaukaskatts. Á næsta ári, 1994, yrðu áhrif breytinganna sannanlega neikvæð fyrir ríkissjóð svo nemur hundruðum milljóna.

Alvarlegast er þó að vísitöluhækkunar í kjölfar þessara breytinga mundu að mati ASÍ og VSÍ valda 4 milljarða kr. raunhækkun skulda, þ.e. um 4 milljarðar kr. færast frá skuldurum til lánardrottna og valda aukinni greiðslubyrði lána í þjóðfélaginu upp á um 1.250 millj. kr. Þá er rétt að minna á að þessi ákvörðun með sínum vísitölu- og verðbólguáhrifum átti sinn þátt í vaxtahækkunum bankanna.

Því ber að fagna að aðilar vinnumarkaðarins hafa afhjúpað þessi vinnubrögð, sýnt fram á að ríkisstjórnin hefur ekki haft hugmynd um áhrif eigin ákvarðana og síðast en ekki síst megnað að reka ríkisstjórnina á flóttu. Að öðru leyti vísast til greinargerðar hagdeilda-anna um frekari rökstuðning.

Minni hlutinn fagnar þessari niðurstöðu og hvetur eindregið til þess að fleiri af misheppnuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar verði dregnar til baka.

Á fund efnahags- og viðskiptanefndar í dag komu einnig fulltrúar Stéttarsambands bændu og fóru yfir forsendur þeirra hækkana búvöru sem leiðir af lækkaðri endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þessi aðgerð er um margt skyld hinni fyrri, að skerða endurgreiðslu virðisaukaskatts í húsnæðingum, og veldur miklum verðhækkunum og hefur ýmis óæskileg afleiðd áhrif. Því væri tvímælalaust skynsamlegt að draga einnig þessa ákvörðun til baka.

Frá ríkisstjórninni hafa komið óskir um nokkrar viðbótartillögur við frumvarpið, þar á meðal varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Margt virðist mæla með því að reynt verði að forða fyrirtækinu frá gjaldþroti en á þessari stundu vantar nánari upplýsingar um stöðu fyrirtækisins og framtíðarhorfur.

Þá vill minni hlutinn vekja athygli á bréfi frá Samtökum lífeyrissjóðanna sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur borist þar sem fram koma varnaðarorð í sambandi við þá

fjármuni sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að afla innan lands til húsnæðismála á árinu og þá væntanlega fyrst og fremst frá lífeyrissjóðunum. Samtök lífeyrissjóðanna telja að þessar auknu lántökur muni valda enn frekari vaxtahækkunum. Það má öllum ljóst vera að íslenska hagkerfið þolir ekki frekari vaxtahækkunir. Átelja verður það sambandsleysi sem greinilega hefur verið milli aðila í þessu tilviki eins og fleirum.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur rétt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á ríkisfjármáladæminu fyrir árið 1993. Minni hlutinn telur ólíklegt að öll kurl séu komin til grafar, enda má búast við að frekari endurskoðunar og leiðréttinga verði þörf á vanhugsuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 12. jan. 1993.

Steingrímur J. Sigfússon,  
frsm.

Halldór Ásgrímsson.

Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

**Fylgiskjal I.**

**Bréf formanna ASÍ og VSÍ til forsætisráðherra  
ásamt greinargerð hagdeilda ASÍ og VSÍ.  
(8. janúar 1993.)**

Hagdeildir Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hafa í sameiningu metið áhrif skertrar endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við byggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis. Greinargerð samtakanna um þetta efni fylgir hér með, en helstu niðurstöður þessarar athugunar eru eftirfarandi.

1. Áhrif á vísitölur og verðlag.
  - 1.1. Vísitala byggingarkostnaðar hækkar um 3,2%.
  - 1.2. Vísitala framfærslukostnaðar hækkar um nálega 0,1%. Enn frekari hækkunir koma fram síðar.
  - 1.3. Lánskjarvísitala febrúarmánaðar hækkar um 1,07% vegna frumáhrifa minni endurgreiðslu VSK á vísitölur.
  - 1.4. Margvíslegar gjaldskrár miða við framangreindar vísitölur. Hitaveitur miða þannig almennt verðskrárbreytingar við hækkun byggingarvísitölu. Verði það raunin hækkar húshitunarkostnaður landsmanna um 175 m.kr.

2. Áhrif á fjármagnsmarkað.

- 2.1. Verðtryggðar heildarskuldir lántakenda í lánakerfinu aukast um 4 milljarða við þessa breytingu eina.
- 2.2. Greiðslubyrði skuldara eykst um nálega 1.250 m.kr á þessu ári vegna breytingarinnar. Þar af falla um 250 m.kr. á opinbera aðila, 350 m.kr. á heimilin og nær 650 m.kr. á atvinnuvegina.

3. Áhrif á framkvæmdir og atvinnustig.

Lækkun endurgreiðslu VSK hefur í för með sér að launakostnaður hækkar um tæplega 10%, án þess að launahækkun komi til, sem leiðir til umræddrar 3,2% hækkunar byggingarvísitölu. Þetta veldur því að færri félagslegar íbúðir verða byggðar, ef ekki koma til aukin framlög, og skuldsetning og greiðslubyrði íbúðarbyggjenda eykst. Aðgerðin er þannig til þess fallin að draga enn úr umsvifum í byggingariðnaði og auka á atvinnuleysi í þeirri grein. Þá er líklegt að umfang svartrar vinnu aukist af þessum sökum.

4. Áhrif á stöðu ríkissjóðs.

Lækkun endurgreiðsluhlutfalls VSK vegna vinnu við byggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis er ætlað að spara ríkissjóði um 400 m.kr. á þessu ári og 480 m.kr. næsta ár. Áhrif breytinganna á verðlag og vísitölur virðast þó til þess fallin að auka útgjöld ríkissjóðs meira, en sem nemur sparnaðinum.

Hækkun lánskjarvísitölu mun hækka persónuafslátt, sjómannaafslátt, barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur á síðari hluta ársins og kostnaður ríkissjóðs af sökum er

áætlaður 266 milljónir á síðari hluta ársins. Á næsta ári verður kostnaður rikissjóðs tvöfaldur af þessum sökum eða nær 530 milljónum, ef ekki verður gripið til sérstakra skerðinga á lögbundnum greiðslum umfram það sem þegar er boðað. Þá eykst fjármagnskostnaður ríkisins um 145 m.kr. á þessu ári.

Þá eru ótalin óbein áhrif, s.s. hækkun húshitunarkostnaðar opinberra aðila, aukinn samdráttur í atvinnu og aukið umfang svartrar atvinnustarfsemi ásamt lakari skattskilum, vaxandi þunga tekjutengdra bóta og auknum útgjöldum atvinnuleysistryggingasjóðs.

Einasta ástæða umræddra breytinga á endurgreiðslu VSK var sögð tekjuöflun rikissjóðs. Af framangreindum upplýsingum má ráða að rikissjóður skaðist beinlínis við breytinguna og því hafi forsendur ákvörðunarinnar um lækkað hlutfall endurgreiðslna VSK verið rangar.

Augljóst er að veruleg hækkun á verðlagsmælikvörðum er til þess fallin að telja fólki trú um að tímabil stöðugleika í verðlagsmálum sé liðið, einkum þegar þeim breytingum fylgir veruleg tilfærsla fjármuna og aukning skuldbindinga og kostnaðar á borð við það sem hér hefur verið rakið. Í raun sýnist fráleitt að framkalla milljarða tilflutning á lánamarkaði með aðgerð sem ætlað er að spara rikissjóði 400 m.kr. Aðgerðin er til þess fallin að veikja tiltrú á stefnu stjórnvalda í efnahagsmálum - einkum þegar í ljós er leitt að rikissjóður mun í raun skaðast af henni.

Í ljósi þessa áréttta samtökin enn áskorun sína um að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að fallið verði frá lækkun endurgreiðslu VSK vegna vinnu á byggingarstað.

Virðingarfyllst,

*Benedikt Davíðsson.*  
*Þórarinn V. Þórarinsson.*

8. janúar 1993

Greinargerð hagdeilda ASÍ og VSÍ um áhrif þess að lækka endurgreiðslu VSK á vinnu við nýbyggingar og viðhald úr 100% í 60%.

## 1. Inngangur

Þegar virðisaukaskattur var tekinn upp í janúar 1990 var ákveðið að undanskilja vinnu við húsbyggingar. Ástæða þessarar undanþágu var fyrst og fremst sú að hefði skatturinn lagst á að fullu hefði byggingarvísitala hækkað í janúar 1990 um 8,3% og lánskjaravísitala um 2,8%. Við það hefðu vextir rokið upp og verðbólga hlaupið í alls kyns vöru, þjónustu og vinnusamninga sem taka mið af breytingum á byggingarvísitölu.

Með lögum nr. 111/1992 ákvað Alþingi að endurgreiðsla þessi lækkaði um 40%. Fjármálaráðuneytið áætlað að þessi breyting spari ríkissjóði um 400 m.kr. á þessu ári og 480 m.kr. á hverju ári eftir það. Við þá breytingu mun byggingarvísitala sú sem mæld er í þessum mánuði og gildir fyrir febrúar hækka um 3,2%. Þar við bætast hækkunaráhrif á framfærsluvísitölu sem nema tæplega 0,1%, því kostnaður við viðhald íbúða í húsnæðislið vísitölnnar er framreiknaður með byggingarvísitölu. Þar sem vægi þessara vísitalna hvorrar um sig er þriðjungur í lánskjaravísitölu mun hún hækka um 1,07% einungis af þessum sökum.

Markmiðið með lækkun endurgreiðslunnar er að auka tekjur ríkissjóðs. Þegar afleidd áhrif sem þessi breyting hefur í för með sér eru metin er ljóst að það markmið næst alls ekki, a.m.k. ekki á þessu ári, því tilkostnaður ríkissjóðs eykst verulega vegna áhrifa á verðlag, fjármagnsmarkað, framkvæmdastig og vinnumarkað.

## 2. Áhrif á verðlag

Í 1. gr. laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar segir: "Grunnur vísitölnnar skal miðaður við tiltekna gerð íbúðarhúsnæðis." Þótt bygging íbúðarhúsnæðis sé aðeins hluti af mannvirkjagerð í heild, eða um þriðjungur, er notkun hennar mun viðtækari og eru verksamningar í annarri mannvirkjagerð oftast tengdir við breytingar á vísitölnni. Þannig mun lækkun endurgreiðslunnar valda hækkun á verði því sem verkkaupar hafa samið um við verktaka óháð því hvort tilkostnaður þeirra hafi aukist að sama skapi. Dæmi um þetta er t.d. samningar vegagerðarinnar við verktaka um byggingu Vestfjarðaganga og mun kostnaður við byggingu þeirra aukast af þessum sökum.

Ýmsar stofnanir og fyrirtæki miða verðskrár sínar við breytingar byggingarvísitölu. Fremstar þar í flokki eru hitaveiturnar. Hitaveitureikningur landsmanna er um 6 milljarðar króna á ári og 3% hækkun hefur í för með sér að hitareikningurinn hækkar um 175 m.kr., ef þær kjósa að fylgja þessari breytingu vísitölnnar. Hækkanir af þessum toga munu birtast í hækkun framfærsluvísitölu á næstu mánuðum.

Vægi viðhaldsliðar íbúðarhúsnæðis í vísitölu framfærslukostnaðar er 3,7%. Vegna mikillar eigin vinnu íbúðareigenda er aðkeypt vinna í þeim lið aðeins um fimmtungur og

Því munu áhrifin á framfærsluvisitöluna verða tæplega 0,1%. Þá eru ótalin afleiðd áhrif á verðlag sem leiða munu af hækkun fjármagnskostnaðar.

### 3. Áhrif á fjármagnsmarkað

Fyrirgreind áhrif af lækkun endurgreiðslu VSK voru þegar komin inn í spár Seðlabanka um miðjan desember og tóku bankarnir mið af þeim þegar þeir ákváðu hækkun vaxta á óverðtryggðum lánum um 1,5%-2,75% frá 1. janúar.

Hækkun lánskjaravísitölu um rúmt 1% flytur gífurlega fjármuni frá skuldurum til lánadrottna. Eftirfarandi tafla sýnir heildarumfang íslenska lánakerfisins.

Útlánaflokkun lánakerfisins í árslok 1992, -míla. kr.

	Heildar- skuldir	Þar af		
		Verð- tryggt	Óverð- tryggt	Erlend lán
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	99,6	25,0	8,8	65,8
Bæjar- og sveitarfélög	22,1	8,8	6,7	6,6
Atvinnuvegir	293,0	125,5	42,9	124,6
Heimili	237,3	216,0	21,1	0,2
Samtals	652,0	375,3	79,4	197,3

Heimild: Bráðabirgðatölur frá Seðlabanka Íslands.

Taflan sýnir að verðtryggðar skuldir, sem að yfirgnæfandi hluta eru tryggðar með lánskjaravísitölu, eru 375 milljarðar um þessar mundir og því færast fjórir milljarðar króna frá skuldurum til lánadrottna vegna þessarar sérstöku hækkunar vísitölunnar.

Miðað við áætlaðan meðallánstíma ofangreindra skulda má leiða líkur að því að greiðslur af verðtryggðum lánum aukist um 400 m.kr. á þessu ári og um 850 m.kr. af óverðtryggðum lánum eða samtals um 1.250 m.kr. Í grófum dráttum skiptist það þannig að greiðslubyrði opinberra aðila eykst um 250 m.kr., atvinnulífsins um 650 m.kr. og heimilanna um 350 m.kr.

### 4. Áhrif á framkvæmdir og atvinnustig.

Á síðastliðnu ári voru 1.200-1.300 m.kr. endurgreiddar vegna vinnu á byggingarstað og viðhalds íbúðarhúsnæðis. Í byggingarvísitölunni vegur launaliður, undanþeginn VSK, um þriðjung. Af því leiðir að launagreiðslur vegna þessarar vinnu hafi verið um 5 milljarðar króna alls. Út frá þessum tölum má áætla að framkvæmdir á þessu sviði hafi numið allt að 15 milljörðum króna. Í viðhaldskostnaði er hlutur launa umtalsvert hærri en í byggingarstarfsemi almennt eða á bilinu 65-70%. Á sama tíma og nýbyggingar hafa dregist saman undanfarin ár hefur viðhaldspátturinn aukist að mikilvægi.

Lækkun endurgreiðslu VSK hefur það i för með sér að launakostnaður hækkar um tæplega 10% sem leiðir til umræddrar 3,2% hækkunar byggingarvísitölu. Töluvert meiri hækkun verður á kostnaði vegna viðhalds- og viðgerðarverkefna eða 6-7%. Hætt

er við að þessi breyting auki enn hlut svartrar vinnu sem leiða mun til tekjutaps fyrir rikissjóð.

Skipta má áhrifum á nýbyggingar í þrennt, þ.e. félagslegar íbúðabyggingar, íbúðabyggingar verktaka og einstaklinga. Áhrifin eru mjög mismunandi. Félagslegar íbúðir verða dýrari og þar sem tilteknum fjárhæðum hefur verið útdelt til þessa málaflokks munu færri íbúðir verða byggðar. Eigjð framlag kaupanda félagslegrar íbúðar eykst svo og vaxtabyrði vegna hærra verðs og láns. Gagnvart rikissjóði verða gerðar kröfur um aukin framlög bæði til lána og niðurgreiðslu vaxta. Íbúðir byggðar af verktökum verða ósamkeppnisfærari þar sem eigjð framlag og greiðslubyrði íbúðakaupenda hækkar í krónum talið langt umfram samsvarandi hækkanir í félagslega kerfinu. Hærra verð á íbúðum verktaka hlýtur að draga úr eftirspurn eftir þeim og þar með úr starfsemi þeirra og starfsmannahaldi. Loks er að nefna íbúðabyggingar einstaklinga, en hætt er við að fólk muni í auknum mæli reyna að komast undan skattinum og þar með verður rikissjóður af tekjum.

Af framangreindu er ljóst að lækkun endurgreiðslu VSK mun leiða til minni framkvæmda og þar með aukins atvinnuleysis, en heildaráhrifin er erfitt að meta.

## 5. Áhrif á stöðu rikissjóðs

Eins og fram hefur komið ætlar rikissjóður sér að spara 400 m.kr. á þessu ári með því að draga úr endurgreiðslum virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað og viðhalds íbúðarhúsnæðis. Þá er hins vegar ekki tekið tillit til þess að kostnaður rikissjóðs eykst á fjölmörgum sviðum.

### 5.1 Hækkun persónuafsláttar og barna- og vaxtabóta í júlí.

Samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt skal hækka persónuafslátt og barna- og vaxtabætur í júlí ár hvert til samræmis við hækkun lánskjaravísitölu frá desember til júní. Umrædd 1,07% hækkun mun hafa áhrif á greiðslustöðu rikissjóðs á þessu ári sem hér segir:

#### Áhrif 1,07% hækkunar lánskjaravísitölu á tekjur og gjöld rikissjóðs, m.kr.

Tekjuskattur (v/ persónuafsláttar)	-221
Tekjuskattur (v sjómannaafsláttur)	-8
Barnabætur	-14
Barnabótaauki	-10
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	-13
Samtals	-266

Afkoma rikissjóðs mun versna um 266 m.kr. á síðari hluta ársins 1993 af þessum völdum og þannig standa aðeins eftir 134 m.kr. af áformuðum 400 m.kr. sparnaði þegar tekið er tillit til þessara þátta eingöngu. Á næsta ári kemur þessi hækkun fram

að fullu eða sem svarar til 530 m.kr. sem er ótvírætt hærri fjárhæð en vænta má að sparist við lækun endurgreiðslu VSK.

## 5.2 Fjármagnskostnaður ríkisins

Hækkun lánskjaravísitölu hefur áhrif á bæði vaxtatekjur og vaxtagjöld ríkissjóðs. Hér á eftir fer lauslegt mat á áhrifum hækkunar lánskjaravísitölu um 1,07% á fjármagnskostnað ríkissjóðs á þessu ári. Ekki er gerlegt fyrir utanaðkomandi að áætla þessi áhrif með nákvæmni, því til þess skortir gögn. Þó er alveg ljóst að áhrifin á fjárhag ríkissjóðs eru verulega neikvæð, því vaxtagjöld vegna innlendra lána eru umfram vaxtatekjur. Útreikningar í eftirfarandi töflu gefa til kynna að vaxtagjöld ríkissjóðs aukist um 275 m.kr. á þessu ári en vaxtatekjur aukist um 130 m.kr. Niðurstaðan er því sú að hrein áhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs verði neikvæð um 145 m.kr. á árinu.

### Greiðsluáhrif á ríkissjóð af 1,07% hækkun á lánskjaravísitölu

	Skuldir ríkissjóðs 1993	Áætlaðar afborganir	Greiðslu- áhrif af 1% auka- hækkun á lánskj.vís.
Spariskirteini	43.000	2.850	29
Ríkisbréf	10.000		100
Ríkisvixlar	13.000		130
Aðrir innlendir aðilar	11.500	1.650	17
Erlend lán	79.000	1.800	
<b>Samtals</b>	<b>156.500</b>	<b>6.300</b>	<b>275</b>

  

	Vaxtatekjur	
	Frumvarp	1,07% vaxta- hækkun
	1993	
Dráttarvextir og vextir af skammtimalánum	1.730	108
Vextir af langtímalánum	2.175	22
<b>Samtals</b>	<b>3.905</b>	<b>130</b>
<b>Mismunur vaxtagjalda- og tekna ríkissjóðs</b>		<b>145</b>

## 5.3 Upphitunarkostnaður

Ljóst er að upphitunarkostnaður opinberra aðila mun aukast eins og annarra. Opinberir aðilar munu eiga sem svarar 9% af rúmtaki alls húsnæðis í landinu og mun því



hitareikningur þeirra hækka um 15-20 m.kr. ef húshitunarkostnaður fylgir breytingum byggingarvisitölu svo sem verið hefur.

#### 5.4 Samandregin áhrif á ríkissjóð

Hér hafa verið rakin áhrif lækkunar endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað á afkomu ríkissjóðs. Gild rök hafa verið færð fyrir því að afkoman á þessu ári og komandi árum versnar vegna breytingarinnar. Tekjur af tekjuskatti munu rýrna, greiðslubyrði ríkissjóðs eykst og upphitunarkostnaður hækkar. Samdráttur í byggingariðnaði mun valda auknu atvinnuleysi sem veldur auknum útgjöldum ríkissjóðs til atvinnuleysisbóta. Breytingin mun ennfremur leiða til aukinnar svartrar atvinnustarfsemi.

Þá eru ótalin þau áhrif sem verða á afkomu atvinnulífsins og heimilanna, en hækkun á greiðslubyrði lána hjá atvinnulífi verður um 650 milljónir króna og hjá heimilunum um 350 milljónir króna á ári, sem óhjákvæmilega hefur áhrif á afkomu ríkissjóðs.

**Fylgiskjal II.****Minnisblað frá Stéttarsambandi bænda.**

(11. janúar 1993.)

Í kvöldfréttum á Stöð 2 þriðjudaginn 5. janúar sl. sakaði forsætisráðherra framleiðendur búvara um að standa fyrir því að hækka verð kjöts allt að helmingi meir en efni stóðu til. Hann vísaði í útreikninga frá starfsmönnum fjármálaráðuneytisins sér til stuðnings og krafðist þess að verðhækkunar yrðu teknar aftur að hluta til.

Af þessu tilefni vill Stéttarsamband bænda taka fram eftirfarandi:

1. Verðhækkunar á fyrrgreindum búvörutegundum (nema svínakjöti) voru ákveðnar af sexmannanefnd (egg og kjúklingar) og af fimmannanefnd (nautakjöt). Í sexmannanefnd sitja fulltrúar framleiðenda (3), fulltrúar ASÍ (2) og fulltrúi BSRB (1). Í fimmannanefnd sitja fulltrúar afurðastöðvanna (2) fulltrúi ASÍ (1) fulltrúi BSRB (1) og verðlagsstjóri er oddamaður.

2. Það er rangt sem kom fram í fjölmiðlum í gær að ágreiningur væri milli framleiðenda og landbúnaðarráðuneytisins um útreikninga á verðhækkun búvara. Framleiðendur reikna ekki einhliða út verð fyrrgreindra vara (nema svínaframleiðendur), heldur opinberar verðlagsnefndir. Ekkert ber á milli útreikninga þeirra og landbúnaðarráðuneytisins.

3. Það er ekki að ástæðulausu að nauðsynlegt reyndist að hækka verð fyrrgreindra búvara. Áhrif gengisfellingarinnar í nóvember sl. á fóðurverð og lækkun endurgreiðslna á virðisaukaskatti eru beinar afleiðingar af aðgerðum stjórnvalda. Þar til viðbótar má nefna niðurfellingu á greiðslum í lífeyrissjóð fyrir þessar greinar, sem ekki var tekin með í verðhækkunina.

Tal forsætisráðherra og viðskiptaráðherra um að framleiðendur geti tekið á sig hluta þessara hækkana er því einkennilegt. Hefur ríkisstjórnin t.d. farið fram á að olúfélögin tækju á sig hækkunar bensínjaldala? Voru bankar landsins ekki að hækka vexti? Ekki taka þeir á sig kostnað vegna hærri verðbólgu.

4. Á blaðamannafundi þeim er haldinn var í fyrradag vegna fyrirbyggjandi verðhækkana á búvörum, þá voru lagðir fram útreikningar og greinargerð vegna eggja, kjúklinga og svínakjöts. Þar kom fram að fyrirbyggjandi verðhækkun var fyrst og fremst vegna uppsafnaðra áhrifa vegna gengisfellingar í nóvember sl. og lækkunar á endurgreiðslu VSK. Á hinn bóginn er framkomin verðhækkun á nautakjöti einungis tilkomin vegna lækkunar á endurgreiðslu VSK. Þegar endurgreiðsla VSK var ákveðin á sínum tíma, þá lækkaði verð þessara vara til framleiðenda að sama skapi. Því er óhjákvæmilegt annað en að lækkun endurgreiðslu á VSK komi fram í hækkun vöruverði. Forsætisráðherra hefur viðurkennt að hækkunarþörfin hafi verið fyrir hendi og að hún hafið verið rétt reiknuð. Því falla hin stóru orð hans frá því á þriðjudaginn um miklar hækkunar búvara umfram þarfir niður sem dauð og ómerk.

### Fylgiskjal III.

*Landbúnaðarráðuneyti:*

#### **Fréttatilkynning.**

(6. janúar 1993.)

Vegna fréttar í fjölmiðlum um breytingu á verði búvara 1. janúar 1993 í tengslum við lækkun endurgreiðslna á virðisaukaskatti hefur ráðuneytið ákveðið að koma fram eftirfarandi skýringum.

1. Framlög til endurgreiðslu á virðisaukaskatti voru lækkuð um 250 m.kr. eða úr 460 m.kr. í 210 m.kr. milli fjárlaga 1992 og 1993. Þessi breyting veldur breytingum á verði afurða alifugla, svína, hrossa og nautgripakjöts. Að teknu tilliti til ógreiddra reikninga frá desember sl. og með tilliti til stöðu fjárlagaliðarins um sl. áramót ákvað landbúnaðarráðuneytið að lækka endurgreiðslu á hverja einingu þessara afurða að meðaltali um 64,7%.

2. Verðlagsnefndum landbúnaðarins var tilkynnt í lok sl. árs um framangreinda ákvörðun ráðuneytisins sem skyldi koma til framkvæmda 1. janúar 1993. Í framhaldi af því fór fram verðlagning og nýskráning verða fyrir afurðir alifugla, nautgripa og hrossa. Eftirfarandi breytingar voru gerðar (sjá einnig fskj.).

#### *a. Egg.*

Vegna breytinga á endurgreiðslum úr ríkissjóði hækkar verð eggja um 7,28%. Almennar verðlagsbreytingar að mati sexmannanefndar frá 1. mars 1992 nema 4,12% nettó. Samtals nam því verðhækkunarþörfin 11,40%. Mest munar í almennum verðlagsbreytingum um hækkun kjarnfóðurverðs (vegna gengisbreytingar og erlendra fóðurhækkunar) sem metin er 3,13%. Nefndin lækkaði rekstrarkostnað verðlagsgrundvallarins sem nemur álögðu aðstöðugjaldi þar sem það fellur niður frá og með 1. janúar sl. Að tillögu fulltrúa bænda í verðlagsnefndinni var frestað rúmum helming hækkunarinnar til 1. mars nk. Því var einungis um að ræða 5% hækkun á verði eggja frá framleiðendum þann 1. janúar sl.

#### *b. Kjúklingar.*

Breyting á endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna kjúklingakjöts hækkar verð þess um 11,14%. Almennar verðlagsbreytingar að mati sexmannanefndar frá 1. mars 1992 nema 4,08%. Samtals nam því verðhækkunarþörfin 15,22%. Slátur- og heildsölu kostnaður kjúklinga er talinn haldast óbreyttur. Í almennu verðhækkuninni munaði mest um hækkun kjarnfóðurs, en hún var 3,4%. Rekstrarkostnaðurinn var lækkaður vegna afnáms aðstöðugjalds. Niðurstaða verðlagningarinnar var í samræmi við framkomnar verðhækkunarir og endurgreiðslulækkun.

#### *c. Nautgripakjöt UNI.*

Breyting á endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna nautgripakjöts hækkar verð þess um 13,48%. Engar almennar verðlagsbreytingar voru gerðar til bænda af sexmannanefnd til hækkunar eða lækkunar. Slátur- og heildsölu kostnaður hélst óbreyttur. Samtals nam því verðhækkunin 13,48%.

*d. Svínakjöt.*

Breyting á endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna svínakjöts hækkar verð þess um 8,65%. Almennar verðlagsbreytingar að mati framleiðenda frá 1. október 1992 eru taldar nema nettó 3,11% eftir að lækkað hefur verið vegna afnáms aðstöðugjalds. Af þessari hækkun telur fóðurverð 3,4%. Samtals nemur áætluð verðhækkunarþörf 11,76%. Þar sem ekki er um að ræða opinbera verðskráningu á verði svínakjöts er ekki vitað á þessu stigi hver hin endanlega verðhækkun verður en það er á valdi hvers og eins framleiðenda.

*Fskj.* **Yfirlit um verðbreytingar á afurðum alifugla,  
svína og nautgripakjöti 1. janúar 1993.**

	Kr.	%-breyting
<b>Egg, 1. verðflokkur:</b>		
<i>Verðlagning 1. janúar 1993:</i>		
Verð til bænda 1. mars 1992	247,70	
Nýtt verð til bænda frá 1. janúar 1993	275,94	
Mismunur til hækkunar	28,24	11,40
<i>Skipting hækkunar:</i>		
Vegna lækkunar endurgreiðslna frá ríkissjóði	18,03	7,28
Vegna hækkunar á rekstrargjöldum frá 1. mars 1992	10,21	4,12
<i>Framkvæmd verðbreytingar 1. janúar 1993:</i>		
Geymd hækkun til 1. mars 1993	15,78	6,37
Hækkun til framkvæmda 1. janúar 1993	12,46	5,03
<b>Kjúklingar, 1. verðflokkur:</b>		
<i>Verðlagning 1. janúar 1993:</i>		
Verð til bænda 1. mars 1992	260,79	
Nýtt verð til bænda frá 1. janúar 1993	300,48	
Mismunur til hækkunar	39,69	15,22
<i>Skipting hækkunar:</i>		
Vegna lækkunar endurgreiðslna frá ríkissjóði	29,05	11,14
Vegna hækkunar á rekstrargjöldum frá 1. mars 1992	10,64	4,08
<i>Framkvæmd verðbreytingar 1. janúar 1993:</i>		
Hækkun til framkvæmda 1. janúar 1993	39,69	15,22
<b>Nautgripakjöt UNI:</b>		
<i>Verðlagning 1. janúar 1993:</i>		
Breyting á verði til bænda	0,00	0,00
Heildsöluverð 1. desember 1992	356,00	
Nýtt heildsöluverð 1. janúar 1993	404,00	
Mismunur til hækkunar	48,00	13,48
<i>Skipting hækkunar:</i>		
Vegna lækkunar endurgreiðslna frá ríkissjóði	48,00	13,48
Vegna hækkunar á rekstrargjöldum frá 1. desember 1992	0,00	0,00
<i>Framkvæmd verðbreytingar 1. janúar 1993:</i>		
Hækkun til framkvæmda 1. janúar 1993	48,00	13,48
<b>Svínakjöt:</b>		
<i>Verðlagning 1. janúar 1993:</i>		
Verð til bænda, október 1992	306,57	
Nýtt verð til bænda frá 1. janúar 1993	342,62	
Mismunur til hækkunar	36,05	11,76
<i>Skipting hækkunar:</i>		
Vegna lækkunar endurgreiðslna frá ríkissjóði	26,53	8,65
Vegna hækkunar á rekstrargjöldum frá 1. mars 1992	9,52	3,11
<i>Framkvæmd verðbreytingar 1. janúar 1993:</i>		
(Eftir 1. janúar 1993 — frjáls verðlagning)*	?	?

\* Ekki liggur fyrir hversu mikill hluti þessarar hækkunar er kominn fram í verðlagi í dag

**Fylgiskjal IV.***Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti:***Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar.**

(11. janúar 1993.)

Íslenska járnblendifélagið hf. á Grundartanga hefur að undanfögnu átt við mikla rekstrarörðugleika að etja sökum verðfalls á kísiljárni og söluörðugleikum. Verið er að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins sem m.a. mundi felast í því að eigendur leggi fram nýtt hlutfé til þess og að þeir veiti fyrirtækinu jafnframt víkjandi lán eftir því sem um semst.

Ríkissjóður á 55% hlutfjár í verksmiðjunni og er gert ráð fyrir að hann taki þátt í hlutfjárukningu og/eða veiti lán og ábyrgðir í sama hlutfalli af heildarfjárstuðningi eigenda við fyrirtækið.

Ekki sér enn fyrir endann á samningaviðræðum um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins sem tengjast einnig nýjum samningum um raforkuverð og verð á fleiri aðföngum til verksmiðjunnar og tengjast munu hugsanlegu samkomulagi um breytingar á markaðshlutdeild félagsins í sölukerfi meðeigenda ríkissjóðs, norska fyrirtækisins ELKEM og japanska fyrirtækisins Sumitomo.

Hins vegar þykir nú nauðsynlegt að fjármálaráðherra sé veitt heimild á lánsfjárlögum til þess að veita félaginu bráðabirgðalán að fjárhæð allt að 150 millj. kr. í því skyni að rekstur þess stöðvist ekki áður en samið hefur verið um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Þá er einnig farið fram á að fjármálaráðherra verði heimilað að leggja fram fé til hlutfjárukningar og í formi víkjandi láns til félagsins ef samningar milli eigenda um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins nást og að fjármálaráðherra fái jafnframt heimild til nauðsynlegrar lántöku ríkissjóðs í því sambandi.

Er þess óskað að slíkri heimildagrein verði bætt við í fyrirbyggjandi frumvarpi til lánsfjárlaga.

*Eiður Guðnason, starfandi iðnaðarráðherra,  
Jón Ingimarsson.*

**Fylgiskjal IV.**

*Landssamband lífeyrissjóða,  
Samband almennra lífeyrissjóða:*

**Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar.**

(11. janúar 1993.)

Samkvæmt frumvarpi til lánsfjárlaga 1993, eftir breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er gert ráð fyrir lántökum Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 3.860 millj. kr. og Byggingarsjóðs verkamanna að fjárhæð 6.870 millj. kr., eða samtals 10.730 millj. kr. innan lands og þá væntanlega hjá lífeyrissjóðunum.

Landssamband lífeyrissjóða og Samband almennra lífeyrissjóða vilja vekja athygli nefndarinnar á þeirri staðreynd að lántökur fyrrgreindra sjóða hjá lífeyrissjóðunum námu 7.363 millj. kr. á öllu árinu 1992. Þannig er gert ráð fyrir auknum lántökum hjá lífeyrissjóðunum um 3.367 millj. kr. eða um 45,7% á árinu 1993. Fyrrgreindar lánveitingar koma til viðbótar kaupum lífeyrissjóðanna á húsbréfum en útgáfa húsbrefa á árinu 1993 er talin verða álíka mikil og á árinu 1992.

Eins og fyrrgreindar tölur bera með sér er stefnt að stóru auknum lántökum Húsnæðisstofnunar hjá lífeyrissjóðunum á næsta ári og verður ekki annað séð en afleiðingin yrði raunvaxtahækkun en ekki lækkun raunvaxta eins og stefnt er að. Lífeyrissjóðasamtökin harma að fulltrúar þeirra hafa ekki verið kallaðir fyrir nefndina þannig að benda megi nefndarmönnum á hversu stórfelld mistök hér eru í uppsiglingu.

Virðingarfyllt,

f.h. Sambands almennra lífeyrissjóða,  
*Hrafn Magnússon,*  
f.h. Landssambands lífeyrissjóða,  
*Þorgeir Eyjólfsson.*